Starfsáætlun Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri

2026 – 2027




Barnaskólinn á
Eyrarbakka og Stokkseyri

Efnisyfirlit

1. Skipurit 2
2. Starfsfólk skólans 2026 – 2027 4
3. Skóladagatal 2026-2027 6
4. Skólahúsnæði og starfstöðvar 6
5. Skrifstofa skólans 7
6. Innra mat 8
6.1 Starfsþróun, símenntun 8
7. Starfsáætlun nemenda, tilhögun kennslu og kennsluáætlanir 8
7.1 Stundarskrár nemenda 9
7.2 Foreldrasamtöl 9
7.3 Vettvangsferðir 9
7.4 Kennsluáætlanir 9
7.5 Valáfangar á unglingastigi 9
8. Almennar upplýsingar 10
8.1 Íþróttir og sund 11
8.2 Mötuneyti 11
8.3 Tilkynningar vegna skólaaksturs (vegna veðurs) 11
8.4 Viðbrögð við vá. 11
9. Skólaráð, foreldrafélag og nemendafélag 11
9.1 Skólaráð 12
9.2 Foreldrafélag 12
10. Skólareglur 13
11. Stoðþjónusta 15
11.1 Þjónusta skólahjúkrunarfræðings 15
11.2 Sérfræðiþjónusta 15
11.3 Verklag stoðþjónustu 16
11.4 Móttaka barns af erlendum uppruna 16
12. Þróunarvinna 16
13. Tómstundastarf og félagslíf 16

1. Skipurit



Stjórnskipulag Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri byggir á skýrri verkaskiptingu, dreifðri ábyrgð og öflugu samstarfi. Teymisvinna er leiðarljós í starfsemi skólans og endurspeglast bæði í stjórnun og daglegu skólastarfi.

Skólastjóri er æðsti stjórnandi skólans og ber ábyrgð á faglegu starfi, rekstri og daglegri starfsemi hans. Með skólastjóra starfa tveir deildarstjórar, annars vegar deildarstjóri yngra stigs á Stokkseyri og hins vegar deildarstjóri eldra stigs á Eyrarbakka. Deildarstjórarnir eru staðgenglar skólastjóra á hvorri starfsstöð og bera ábyrgð á daglegri starfsemi síns stigs í nánu samstarfi við skólastjóra. Þeir hafa jafnframt yfirumsjón með stoðþjónustu á sínu stigi og vinna þar náið með þroskaþjálfum, kennurum, stuðningsfulltrúum og öðrum fagaðilum.

Skólastjóri og deildarstjórar mynda stjórnunarteymi skólans. Teymið vinnur sameiginlega að því að tryggja samfellu milli starfsstöðva, skýra upplýsingamiðlun og sameiginlega sýn á nám, kennslu og farsæld nemenda.

Teymiskennsla og teymisvinna eru mikilvægir þættir í skólaþróun Barnaskólans. Í teymiskennslu sameina kennarar þekkingu sína, reynslu og styrkleika og bera sameiginlega ábyrgð á námi, kennslu og velferð nemenda. Þroskaþjálfar og stuðningsfulltrúar eru mikilvægir þátttakendur í teymunum og samstarfi um fjölbreyttar þarfir nemenda.

Allt starfsfólk Barnaskólans gegnir mikilvægu hlutverki í að skapa gott, öruggt og faglegt skólasamfélag. Í anda BES er lögð áhersla á sameiginlega ábyrgð, jákvæð samskipti og samstarf þvert á árganga, stig, starfsstéttir og starfsstöðvar.

2. Starfsfólk skólans 2026 – 2027

Nafn	**Starfsheiti**
Anna Eðvardsdóttir	Teymiskennari yngra stigi
Anna Stefanía Erlendsdóttir	Teymiskennari yngra stigi
Anna Vala Ólafsdóttir	Tónmenntakennari
Ármann Elías Jónsson	Teymiskennari eldra stigi
Charlotte Sigrid á Kósini	Deildarstjóri eldra stigs
Drífa Valborg Erhardsdóttir	Sérkennari
Erla Eyþórsdóttir	List- og verkgreinakennari
Fjóla Halldóra Jónsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Fríða Rut Stefánsdóttir	Ritari Eyrarbakki
Gísli Rúnar Gíslason	Teymiskennari eldra stigi
Guðný Ósk Vilmundardóttir	Teymiskennari yngra stigi
Guðríður Erna Gísladóttir	Starfsmaður í mötuneyti, leyfi
Guðrún Jóhannsdóttir	Skólastjóri
Gunnar Geir Gunnlaugsson	Íþróttakennari
Hafdís Sigurjónsdóttir	Bókavörður
Hanna Agla Hörpudóttir	Þroskaþjálfi
Heiðrún Helga Ólafsdóttir	Teymiskennari yngra stigi
Helga Gréta Kristjánsdóttir	Starfsmaður í mötuneyti
Herdís Sif Ásmundsdóttir	List- og verkgreinakennari
Hildur Jónsdóttir	Ísatkennari
Hjördís Davíðsdóttir	Verkgreinakennari, leyfi
Jens Thinus Clausen Pétursson	List- og verkgreinakennari
Jónas Víðir Guðmundsson	Teymiskennari eldra stigi
Karen Thelma Viðarsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Karl Óskar Svendsen	Húsvörður
Kjartan Thor Ólafsson	Stuðningsfulltrúi
Laufey Hanna Tómasdóttir	Teymiskennari eldra stigi
Marie Klith Harðardóttir	List- og verkgreinakennari
Ósk Pálsdóttir	Teymiskennari eldra stigi
Rebekka Jenný Hansdóttir	Stuðningsfulltrúi
Rosana Martins Da Silva	Stuðningsfulltrúi
Sandra Hermansdóttir	Stuðningsfulltrúi, leyfi
Sesselja Anna Óskarsdóttir	Íþróttakennari
Samantha Sjöfn Stefaníudóttir	Stuðningsfulltrúi
Sigríður Birna Birgisdóttir	Teymiskennari yngra stigi
Sigríður Helga Jónsdóttir	Námsráðgjafi
Sigríður Jónsdóttir	Stuðningsfulltrúi/starfsmaður í mötun.
Sigríður Pálsdóttir	Deildarstjóri yngra stigs
Sigurþór Hjalti Gústafsson	Teymiskennari unglingastigi
Snæfrost Sara Arnardóttir	Stuðningsfulltrúi
Steinunn E. Þorsteinsdóttir	Þroskaþjálfi
Svala Margrét Bjarnadóttir	Stuðningsfulltrúi

Sverrir Steinn Gunnlaugsson	Stuðningsfulltrúi
Vigdís Unnur Pálsdóttir	Ritari Stokkseyri
Viktoría Ýr Norðdahl	Teymiskennari yngra stigi

3. Skóladagatal 2026-2027

Samband íslenskra sveitarfélaga

Skóladagatal 2026 - 2027

Nafn skóla: Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri

	ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ	
1	L		1	Þ	1	F	Skertur dagur	1	S		1	Þ	Fullveldisdagurinn / Sprengidagur	1	F	Nýársdagur	1	M		1	F		1	L	Verkalýðsdagurinn	1	Þ	Dansleikur
2	S		2	M	2	F	Haustþing KS	2	M	Starfsdagur	2	M		2	L		2	Þ		2	F		2	S		2	M	Dansleikur
3	M	Frídagur verslunarmanna	3	F	3	L		3	Þ	Foreldraviðtöl	3	F		3	S		3	M		3	L		3	M		3	F	Dansleikur
4	Þ		4	F	Fræluvarmessa	4	S		4	M		4	F		4	M	Starfsdagur	4	F	Starfsdagur	4	F		4	S		4	Þ		4	F	Dansleikur
5	M		5	L		5	M		5	F		5	F		5	Þ	Lestrarátakið Bókaflóð hefst	5	F	Foreldraviðtöl	5	F		5	M		5	L		
6	F		6	S		6	Þ		6	F		6	S		6	M	Þrettándinn	6	L	Dagur íslenskrar	6	L		6	Þ		6	F	Útskriftardagur	6	S	Sjómannadagurinn
7	F		7	M	7	M		7	L		7	M		7	F		7	S	Dagur íslenskrar tónlistar	7	S		7	F	Lestrarátakinu Þorpleikur lýkur	7	M	Vordagar
8	L		8	Þ	Dagur læsis / Lestrarátak Sveitar. lestrarátaginn hefst	8	F		8	S	Bankadagur gegn einelti	8	Þ		8	F		8	M	Bolludagur	8	M		8	F		8	L		8	Þ	Vordagar
9	S		9	M		9	F		9	M		9	M		9	L		9	Þ	Sprengidagur	9	Þ		9	F		9	S		9	M	Skólaslit
10	M		10	F		10	L		10	Þ		10	F		10	S		10	M	Öskudagur	10	M		10	L		10	M		10	F	Skipulagsdagur
11	Þ		11	F		11	S		11	M		11	F		11	M		11	F	Dagur íslenskrar tónmenntar	11	F	Skertur dagur frá kl. 11:00	11	S		11	Þ		11	F	Skipulagsdagur
12	M		12	L		12	M		12	F		12	L		12	Þ		12	F		12	F		12	M		12	L			
13	F		13	S		13	Þ		13	F		13	S		13	M		13	L		13	L		13	Þ		13	F		13	S	
14	F	Skipulagsdagur	14	M		14	M		14	L		14	M		14	F		14	S	Dagur skeiðhnöttur	14	S	Dagur skeiðhnöttur	14	M		14	F		14	M	
15	L		15	Þ		15	F		15	S		15	Þ		15	F	Lestrarátakinu Bókaflóð lýkur	15	M	Vetrarfrí	15	M		15	F		15	L		15	Þ	
16	S		16	M	Dagur íslenskrar náttúru	16	F		16	M	Dagur íslenskrar tungu	16	M		16	L		16	Þ	Vetrarfrí	16	Þ		16	F		16	S	Hvítasunnudagur	16	M	
17	M	Skipulagsdagur	17	F		17	L		17	Þ		17	F		17	S		17	M		17	M		17	L		17	M	Annar í Hvítasunnu	17	F	Ljósvaldadagurinn
18	Þ	Skipulagsdagur	18	F		18	S		18	M		18	F	Ullu jólin	18	M		18	F		18	F	Árshátíð unglingastig	18	S		18	Þ	Starfsdagur	18	F	
19	M	Skipulagsdagur	19	L		19	M		19	F		19	L		19	Þ		19	F		19	F	Árshátíð yngra stig	19	M		19	L			
20	F	Fræðsludagur Árborgar	20	S		20	Þ		20	F	Dagur mannréttinda barna	20	S		20	M		20	L		20	L		20	Þ		20	F		20	S	
21	F	Skipulagsdagur	21	M		21	M		21	L		21	M		21	F		21	S	Konudagur - upphaf Góu	21	S	Pálmasunnudagur	21	M		21	F		21	M	
22	L		22	Þ	Skertur dagur frá kl. 11:00	22	F	Haustfrí	22	S		22	Þ		22	F	Öskudagur - upphaf þorra	22	M		22	M		22	F	Sumardagurinn fyrsti	22	L		22	Þ	
23	S		23	M		23	F	Haustfrí	23	M		23	M	bolludagsmessa	23	L		23	Þ		23	Þ		23	F		23	S		23	M	
24	M	Skólasetning	24	F		24	L	Fyrsti vetrardagur	24	Þ		24	Þ	Aðfangadagur jóla	24	S		24	M		24	M		24	L		24	M		24	F	
25	Þ		25	F		25	S		25	M	Skertur dagur frá kl. 11:00	25	F	Jóladagur	25	M		25	F		25	F	Skírdagur	25	S		25	Þ		25	F	
26	M		26	L	Evrópski tungumáladagurinn	26	M		26	F		26	L	Annar í jólum	26	Þ		26	F		26	M	Föstudagurinn langi	26	M	Lestrarátakið Þorpleikur hefst	26	M		26	L	
27	F		27	S		27	Þ		27	F		27	S		27	M		27	L		27	L		27	Þ		27	F		27	S	
28	F	Gymhúsaopið Samskiptingur	28	M	Svæsl. lestrarátaginnni lýkur	28	M		28	L		28	M		28	F		28	S		28	S	Páskadagur	28	M	Skertur dagur frá kl. 11:00	28	F		28	M	
29	L		29	Þ		29	F		29	S		29	Þ		29	S					29	M	Annar í Páskum	29	F		29	L		29	Þ	
30	S		30	M		30	F	Hrekkjavaka	30	M		30	M		30	L					30	Þ		30	F		30	S		30	M	
31	M					31	L					31	F	Gamlársdagur	31	S					31	M					31	M			

Skóladagatal er birt með fyrirvara um breytingar.

Uppbrotsdagar
Skertir dagar
Skipulagsdagar
Starfsdagar
Haust-/vetrarfrí

Samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasambands Íslands skulu 180 lögbundnir skóladagar nemenda vera á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma nemenda eru fimm og skulu ákveðnir af skólastjóra í samráði við kennara og með hliðsjón af kjarasamningum. Starfsdagar kennara utan starfstíma nemenda eru 8.

4. Skólahúsnæði og starfstöðvar

Starfsemi Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri dreifist á nokkrar starfsstöðvar og skólastarfið hefur þá sérstöðu hvað starfstöðvar varðar að vera skipt á milli byggðakjarnanna Eyrarbakka og Stokkseyrar. Yngra stig, 1. – 6. bekkur, starfar í skólahúsnæði skólans á Stokkseyri og eldra stigið, 7. – 10. bekkur, starfar í húsnæði skólans á Eyrarbakka. Einnig hefur skólinn starfsstöðvar fyrir smíði í sérstæðu húsnæði við Hásteinsveg, íþróttakennsla fer fram á Stað við Búðarstíg á Eyrarbakka og Skólahreystival að hluta til í Kjötjöllinni á Stokkseyri. Sundkennsla fer fram í sundlauginni við Stjörnusteina á Stokkseyri.

Sundlaugarhúsnæðið á Stokkseyri



Skólahúsnæðið á Stokkseyri



Skólahúsnæði unglingastigs Eyrarbakka



Útistofur á Eyrarbakka



5. Skrifstofa skólans

Skrifstofa skólans er opin frá kl. 7:40 til kl. 14:10 alla kennsludaga. Sími skólans er 480-3200. Póstfang skólans er barnaskolinn@barnskolinn.is. Heimasíðu skólans er að finna á www.barnaskolinn.is.

6. Innra mat

Innra mat Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri er fólgið í árlegum könnunum sem lagðar eru fyrir nemendur, starfsfólk og foreldra. Skólapúlsinn er mælitæki sem notast hefur verið við, nemendakannanir og foreldra-/forsjáraðilakannanir eru framkvæmdar af Skólapúlsinum. Niðurstöður kannana eru nýttar í að gera gott skólastarf enn betra og er brugðist við þeim með markmiðum sem sett eru fram í árlegum starfsáætlunum.

Einnig er lögð fyrir könnun frá íslensku æskulýðsrannsóknum og könnun á vegum skólans á unglingastigi og sér skólinn um framkvæmd á henni og kynningu niðurstaðna. Í kjölfar hverra kannana finnur innramatsráð leiðir til úrbóta ásamt stjórnendum skólans. Skýrslu um innra mat skólans má finna á heimasíðu skólans.

6.1 Starfsþróun, símenntun

Starfsmenn skulu leitast við að laga sig að þeim kröfum sem starfið gerir til þeirra og skulu reiðubúnir að þjálfa sig til nýrra og breyttra verkefna. Starfsþróun er á ábyrgð starfsmanns og yfirmanns og skal m.a. sinnt með starfsmannasamtölum, símenntun og samvinnu. Starfsþróun og starfsöryggi tengist með beinum hætti. Stefnt skal að því að starfsmenn eigi kost á símenntun innan sem utan stofnunar til að auka þekkingu sína og faglega hæfni sem nýtist í starfi. Það er á ábyrgð starfsmanns og yfirmanns að viðhalda og bæta fagþekkingu og aðra þá sérþekkingu sem nauðsynleg er í starfi.

7. Starfsáætlun nemenda, tilhögun kennslu og kennsluáætlanir

Á skóladagatali Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri, sem er að finna á heimasíðu skólans, má sjá kennsludaga skólaársins. Kennsludagarnir eru samkvæmt lögum 180 talsins og á skóladagatalinu má einnig sjá hvaða dagar er svokallaðir uppbrotsdagar. Það eru kennsludagar þar sem óhefðbundin kennsla fer fram, ekki samkvæmt stundaskrá. Einnig eru fjórir skertir kennsludagar þar sem allir nemendur fara heim kl. 11:00 nema þeir nemendur í 1. - 4. bekk sem fara á frístund. Þeir nemendur fá gæslu þar til frístund hefst kl. 13:10.

7.1 Stundarskrár nemenda

- Nemendur Barnaskólans stunda nám í 1240 - 1520 mínútur á viku skólaárið 2026-2027.
- Stundaskrár nemenda hefjast kl. 8:15 á morgnana og kennslu lýkur kl. 13:05 á yngsta stigi, 13:45 á miðstigi og á eldra stigi (7.-10. bekk).
- Frímínútur eru einu sinni yfir skóladaginn, kl. 9:35 –9:55 hádegishlé er frá kl. 11:55-12:25 Nemendum er ekið í of frá skóla á milli starfsstöðva alla daga vikunnar og einnig á milli kennslustaða eftir stundatöflu. Upplýsingar um akstur skólabíls er að finna á heimasíðu skólans.
- Skólaárinu er skipt í tvær annir, haustönn sem er frá 25. ágúst 2026 til 15. janúar og vorönn hefst 18. janúar og lýkur með skólaslitum 11. júní 2027.

7.2 Foreldrasamtöl

Á skóladagatali BES eru tveir nemenda- og foreldrasamtalsdagar, sá fyrri er 3. nóvember og hinn síðari 5. febrúar. Viðtölin fara fram milli umsjónakennara, forsjáraðila og nemanda og er þeim ætlað að nýtast til samtals um námsstöðu, líðan og annað sem viðkemur nemandanum.

7.3 Vettvangsferðir

Nemendur Barnaskólans á Eyrarbakka fara í nokkrar staðlaðar skólaferðir. Útskriftarnemendur 10. bekkjar fara í vorferð að loknum 10. bekk í tvær nætur. Aðrar bekkjadeildir fara í styttri vettvangsferðir yfir skólaárið. Verið er að vinna að skipulagi vegna vettvangsferða og skólaferðalaga fyrir alla árganga.

7.4 Kennsluáætlanir

Kennarar gera bæði langtímakennsluáætlanir/námsáætlanir og nákvæma kennsluáætlun sem er aðgengileg á kennslusvæði hvers kennara.

7.5 Valáfangar á unglingastigi

Nemendur 8. – 10. bekkjar velja sér valáfanga á haust- og vorönn sem ýmist eru 9 eða 18 vikur í senn, alls 4 kennslustundir á viku. Fjölbreytt val er í boði. Nemendum stendur til boða að fá metið val upp á tvær kennslustundir ef þeir stunda viðurkenndar tómstundir og fá undirritun umsjónaraðila og foreldris. Nemendur 7.-10. bekkjar verða einnig í hefðbundnum list- og verkgreinum.

8. Almennar upplýsingar

8.1 Íþróttir og sund

Íþrótta- og sundkennslu við BES er skipt þannig að til og með 9. september eru útiíþróttir síðan tekur sundkennsla við sem stendur til 21. október. Íþróttakennsla hefst mánudaginn 26. október og stendur fram að páskaleyfi og þá tekur sundkennsla við aftur.

8.2 Mötuneyti

Máltíðir eru matreiddar í Stekkjaskóla en framreiddar í mötuneytum skólans á Stokkseyri og Eyrarbakka. Skráning nemenda í hádegismat, mjólk og ávexti fer fram á Mín Árborg með rafrænum skilríkjum. Skila þarf inn læknisvottorði sé barn með ofnæmi/óþol fyrir einhverjum matvælum. Matseðill mánaðar er aðgengilegur á heimasíðu skólans.

8.3 Tilkynningar vegna skólaaksturs (vegna veðurs)

Skóli fellur almennt ekki niður vegna veðurs. Hann er alltaf opinn nemendum og reynt er að halda uppi kennslu skv. stundaskrá sé það mögulegt, með tiltækum starfsmönnum í skólanum. Tilkynningar um að ferðir skólabíls falli niður vegna veðurs eru settar á heimasíðu skólans, á samfélagsmiðla og Mentorpóstur sendur til forsjáraðila um leið og það er ljóst. Foreldrar/forsjáraðilar nemenda meta sjálfir hvort þeir senda börn sín í skólann ef veður eru válynd og skólabíllinn gengur ekki. Þeir bera þá ábyrgð á ferðum þeirra til og frá skóla. Ef þeir senda börnin ekki í skólann þá láta þeir vita af því í síma skólans eða í tölvupósti.

8.4 Viðbrögð við vá.

Ef upp koma smit eða smithætta, eldgos, jarðskjálfti eða annað sem getur ógnað öryggi nemenda og starfsmanna, sem kalla á aðgerðir af hálfu skólans þá er það á ábyrgð stjórnenda að fylgja þeim aðgerðum eftir. Starfsmönnum er uppálagt að kynna sér rýmingaráætlanir og nánari viðbrögð við vá.

Rýmingaráætlun má finna hér.

9. Skólaráð, foreldrafélag og nemendafélag

9.1 Skólaráð

Í lögum um grunnskóla frá árinu 2008 segir:

8. gr. *Skólaráð.*

☐ *Við grunnskóla skal starfa skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Skólanefnd, sbr. 6. gr., getur með samþykki sveitarstjórnar falið skólaráðum einstakra skóla ákveðin verkefni þessu til viðbótar.*

☐ *[Skólaráð skal skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn, tveimur fulltrúum kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks í viðkomandi skóla, tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum foreldra auk skólastjóra sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Skólaráð velur að auki einn fulltrúa grenndarsamfélags til að sitja í ráðinu eða viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra. Auk þess skal skólastjóri boða til sameiginlegs fundar skólaráðs og stjórnar nemendafélags að lágmarki einu sinni á ári. Heimilt er, með rökstuddri greinargerð, að sækja tímabundið um undanþágu frá ákvæði þessarar málsgreinar til ráðuneytis. Ráðherra er heimilt að fela Menntamálastofnun að annast undanþágur samkvæmt þessari grein. Í greinargerð þarf að koma fram með hvaða hætti verkefnum skólaráðs verður sinnt. Gildar ástæður þurfa að vera fyrir veitingu undanþágu, svo sem fámenni eða sérstaða.]* [1)]

Skólaráð hefur verið skipað fyrir starfsárið 2026-2027.

Það skipa eftirtaldir:

Guðrún Jóhannsdóttir – skólastjóri

Hildur Jónsdóttir– kennari

Anna Kristina Söderström - kennari

Sigríður Jónsdóttir – fulltrúi starfsmanna

Áslaug Halla Elvarsdóttir – fulltrúi foreldra

Nína Dóra Óskarsdóttir – fulltrúi foreldra

Hafdís Sigurjónsdóttir – fulltrúi grenndarsamfélags

Óskar Atli Örvarsson - fulltrúi nemenda

Mía Einarsdóttir Klith - fulltrúi nemenda

9.2 Foreldrafélag

Foreldrafélag BES skólaárið 2026-2027:

Hulda Dröfn Jónasdóttir, formaður

Edda Bára Höskuldsdóttir, galdkeri

Ásdís Halla Elvarsdóttir, ritari

Nína Dóra Óskarsdóttir, meðstjórnandi

Júlíana Tyrfingsdóttir, meðstjórnandi

Charlotte Sigrid á Kósini, meðstjórnandi

10. Skólareglur

Nýtt samræmt skólasóknarkerfi í grunnskólum landsins er í kynningu og verða klárt á næstu vikum. Eldri og núgildandi reglur Árborgar má finna hér. Eins er verið að samræma reglur um notkun síma og snjalltækja í grunnskólum og frístundaheimilum landsins. Reglugerðin er tilbúin og verður kynnt á næstu vikum. Á meðan vinnum við samkvæmt gildandi reglum um notkun síma og annarra snjalltækja í Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri.

Umgengnisreglur

- Nemendur ganga snyrtilega um skólahúsnæðið og eigur skólans og valda ekki skemmdum eða lýtum.
- Nemendur fara úr útifatnaði og skóm í andyri og ganga frá á tilskilinn hátt.
- Notkun allra hjólatækja er óheimil á skólalóð á skólatíma. Við skólahúsnæði unglingadeildar á Eyrarbakka er heimilt að nota hjólabretti á tilteknum stöðum skólalóðarinnar.
- Á skólatíma eru nemendur á skólalóðinni, ekki er leyfilegt að fara af henni nema með leyfi. Nemendur nota skólabíl á milli þorpa.
- Um notkun snjalltækja í skólanum gilda eftirfarandi reglur:
  a) Í 1.-6. bekk er öll notkun snjalltækja bönnuð á meðan á skólatíma stendur nema undir handleiðslu kennara.
  b) Í 7. -10. bekk er öll notkun snjalltækja bönnuð í kennslustundum nema undir handleiðslu kennara.
  c) Nemendur sem ekki fara eftir skólareglum um notkun snjalltækja fá aðvörun frá kennara. Ef þeir fara ekki eftir tilmælum kennara í annað sinn ber kennara að vísa

nemanda til stjórnanda þar sem málið fær frekari umfjöllum sbr. almenn úrvinnsla brota á skólareglum.

Nemendum er óheimilt að taka myndir af samnemendum sínum og birta á neti eða samfélagsmiðlum nema með þeirra leyfi.

Samskiptareglur

- Samskipti nemenda og starfsmanna skulu einkennast af gagnkvæmri virðingu, kurteisi og heiðarleika.
- Samskipti starfsfólks skólans við heimili og nærsamfélag skal einkennast af virðingu og tillitssemi.

Háttsemisreglur

- Skólabragur Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri skal einkennast af fagmennsku og umhyggju.
- Einkunnarorð skólans, jákvæði, metnaður, virðing og heiðarleiki, skulu í hávegum höfð í öllu skólastarfi.
- Nemendum Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri er uppálagt allt frá upphafi skólagöngu að bera ábyrgð á eigin námi.
- Foreldrum/forráðamönnum er einnig uppálagt að fylgjast með námi sinna barna og gæta þess að þau búi við aðstæður til náms.
- Nemendur bera ábyrgð á námsgögnum og tækjum í eigu skólans og er foreldrum/forráðamönnum skylt að bæta námsgögn og/eða tæki ef þau verða fyrir skemmdum eða glatast.

Hollusta og heilbrigðar lífsvenjur

- Foreldrum/forráðamönnum ber að sjá til þess að þeirra börn fái nægan svefn, hvíld, rétta næringu og gæti að almennri snyrtimennsku og heilbrigði. Slíkt er ein af forsendum náms.
- Öll meðferð og neysla vímuefna er stranglega bönnuð í og við skólann, sem og hvar sem nemendur eru á vegum skólans.
- Neysla sælgætis, orku- og gosdrykkja er bönnuð í skólanum, nema á sérstökum skólahátíðum þegar slíkt er leyft.
- Nemendum er uppálagt að koma með hollt og gott nesti í skólann. Viðmið Embættis Landlæknis þar um skulu hafðar til viðmiðs.

Viðbragðsáætlun ef út af bregður

- Nemanda er gefið færi á að bæta sig og finna lausn á vandamálinu. Nemandi þarf að vera meðvitaður um sitt hlutverk hvað varðar skólareglur.
- Ef vandamálið endurtekur sig gerir kennari nemanda grein fyrir að atvikið verði skráð í Mentor til að upplýsa forsjáraðila. Kennari ræðir einnig hugsanlegar lausnir við nemanda.
- Haldi vandamálið áfram þá koma stjórnendur að málinu. Málið er rætt og ásættanlegar lausnir. Niðurstöður skráðar í Mentor. Nemandi mætir ekki í tíma fyrr en farsæl lausn er fundin og rætt hefur verið við viðkomandi aðila.
- Ef það sem á undan er gengið skilar ekki árangri, er boðað til fundar með forsjáraðilum og þeim sem málið varðar. Þegar þarna er komið er möguleiki á skriflegum samningi sem allir viðkomandi skrifa undir.

11. Stoðþjónusta

11.1 Þjónusta skólahjúkrunarfræðings

Skólahjúkrunarfræðingur BES er Sigríður Einarsdóttir hjúkrunarfræðingur frá Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Hún hefur viðveru á mánudögum á Stokkseyri og á fimmtudögum á Eyrarbakka.

Hér má sjá það hjúkrunarfræðingur gerir með hverjum árgangi fyrir sig.

11.2 Sérfræðiþjónusta

Við skólann starfa tveir þroskaþjálfar og sérkennari auk þess sem skólaþjónusta Árborgar hefur fjölbreyttan hóp sérfræðinga á sínum snærum sem styðja þétt við bakið á starfsfólki skólans.

Lausnateymi BES er skipað eftirtöldum:

Sigríður Pálsdóttir, deildarstjóri yngra stigs

Charlotte Sigrid á Kósini, deildarstjóri eldra stigs

Sigríður Helga Jónsdóttir, náms- og starfsráðgjafi

Sigríður Einarsdóttir, skólahjúkrunarfræðingur

Guðbjörg Sigríður Kristjánsdóttir/Hrund Harðardóttir kennsluráðgjafar

Lausnateymi fundar einu sinni í mánuði, oftar ef þurfa þykir. Tilgangur teymisins er að styðja kennara í starfi og vinna að úrlausnum nemenda í námi og atferlismótun. Einnig er það hlutverk teymisins að

undirbúa nemendaverndarráðsfundi sem fara fram einu sinni í mánuði. Þá fundi sitja skólastjórnandi, skólasálfræðingur, teymisstjóri barnaverndar hjá Árborg, skólahjúkrunarfræðingur

11.3 Verklag stoðþjónustu

BES starfar samkvæmt lögum um farsæld barna í góðu samstarfi við skólaþjónustu Árborgar. Helstu upplýsingar um Farsæld barna og 8 - vita æskunnar er að finna hér.

11.4 Móttaka barns af erlendum uppruna

Allar upplýsingar um móttöku barna af erlendum uppruna má finna í handbók Sveitarfélagsins Árborgar sem ber heitið „Fjölmenningarleg menntun í Sveitarfélaginu Árborg“

12. Þróunarvinna

Skólaárið 2026-2027 verður áfram unnið að frekari innleiðingu heilsueflandi grunnskóla, teymiskennslu, samþættingu námsgreina og syrpukennslu á unglingastigi. Áfram verður unnið að Erasmus+ aðild. Höldum áfram með vinnu við innleiðingu nýrrar læsisstefnu og menntastefnu Árborgar. Við munum halda áfram að innleiða uppeldisstefnuna Jákvæður agi í yngstu bekkjunum og mun innleiðingin taka 5 ár þannig að hún vaxi upp með nemendum.

13. Tómstundastarf og félagslíf

Nemendaráð eldra stigs starfar við Barnaskólann á Eyrarbakka og Stokkseyri undir stjórn Charlotte Sigrid á Kósini. Hlutverk ráðsins er að tala rödd nemenda varðandi aðbúnað og hagi þeirra í skólastarfinu. Með þessu er nemendalýðræði í heiðri haft í starfi skólans. Ráðið fundar og vinnur einn til tvo tíma á viku. Nemendaráð hefur sett upp starfsáætlun fyrir skólaárið sem birt er á heimasíðu skólans.

Nemendaráð BES 2026-2027 er svo skipað:

Óskar Atli Örvarsson, formaður

Mia Einarsdóttir Klith, formaður

Jónas Karl Gíslason, meðstjórnandi

Lydía Matthildur Þórhallsdóttir, meðstjórnandi

Brynja Sif Örvarsdóttir, meðstjórnandi

Ísak Guðni Birgisson, meðstjórnandi

Ída Þorgerður Ingadóttir, meðstjórnandi

Ragnar Orri Jónasson, meðstjórnandi